


DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR, Mkv. 1:5000




SKÝRINGARUPPDRÁTTUR, Mkv. 1:2000

## SKÝRINGAR

- Vegur, gata
- Göngustígur
- Byggingarreitur
- Byggingar (hugmynd)
- Rotþró
- Landamerki
- Skipulagsmörk
- Gróður



*Úrdráttur úr aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028*
*Staðsetning deiliskipulagsins er merkt með bláum hring*

## GREINARGERÐ OG SKILMÁLAR

### Staðhættir:

Skipulagssvæðið, sem hlotið hefur nafnið Álfaás, er 12.83 ha að stærð. Svæðið afmarkast af Höfðaá að austan og norðan, landamerkjum við Ketilsstaði og Stóruvík að sunnan og af Lagarfljóti að vestan Lítill hólmi undan landi Álfaáss tilheyrir landinu.
Skipulagssvæðið er að stærstum hluta frekar flatlent, en syðst og næst Fljótinu er allhár ás, brattur til vesturs.
Gróðurfar er dæmigert fyrir Miðhérað, sem hefur verið beitarfriðað í meira en tvo áratugi: Lyngmóar og birkikjarr á stöku stað og sjá má að sjálfsáið birki er í framrás. Hluti svæðisins var fyrrum nytjaður fyrir kartöflugarða og sjást þess merki í gróðurfari svæðisins.
Höfðaá er vatnslítil á sem bugðast meðfram svæðinu að austan og norðan. Áin rennur fram af allháum kletti skammt frá Lagarfljóti og myndar formfagran foss.
Vegur liggur frá Hringvegi (1) að orlofshúsasvæði Starfsmannafélags Landsbankans í Stóruvík.

### Vegir og veitur:

Vegur sem tengist Hringvegi (1) liggur að orlofshúsasvæðinu í Stóruvík. Gert er ráð fyrir að vegir um skipulagssvæðið tengist þessum vegi, skammt austan við landamerki Stóruvíkur.
Gert er ráð fyrir að byggingar á skipulagssvæðinu fái heitt og kalt vatn frá Hitaveitu Egilsstaða og Fella (HEF), en lagnir frá Vallaveitu HEF liggja að Stóruvík, þvert yfir skipulagssvæðið, frá austri til vesturs.

### Mannvirki og minjar:

Engar byggingar eða sýnilegar minjar um byggingar er að finna á skipulagssvæðinu. Einu "mannvirkin" sem sjá má eru gamlir kartöflugarðar, sem nú eru graslendi, þar sem kjarr og annar villtur gróður er að taka yfir með árunum.
Áður en deiliskipulag þetta verður afgreitt og staðfest mun fara fram minjakönnun á svæðinu öllu, í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80 / 2012.

### Byggingarreitir og byggingar:

Á skipulagsuppdrætti eru sýndir númeraðir byggingarreitir.
Á byggingarreit 1 (1.455m$^2$) er gert ráð fyrir einni byggingu með allt að 18 gistieiningum og veitingaaðstöðu, ásamt þjónusturýmum, geymslum og gestamóttöku.
Hámarks byggingarmagn er 701 m$^2$.
Bygging á reitnum skal vera á einni hæð, með hámarks byggingarhæð 6,5 m yfir gólfkóta.
Val á byggingarefnum, áferð og litum er óbundið.
Á byggingarreit 1a (42 m$^2$) er gert ráð fyrir allt að 40m$^2$ aðstöðuhúsi við heita potta (búningsaðstöðu). Hámarks byggingarhæð 4,5 m yfir gólfkóta.
Val á byggingarefnum, áferð og litum er óbundið.

Á byggingarreit 2 (1.438 m$^2$) er gert ráð fyrir einni byggingu með allt að 20 gistieiningum, ásamt þjónusturýmum.
Einnig tengibyggingu við hús á byggingarreit 1.
Hámarks heildar byggingarmagn er 760 m$^2$, auk allt að 200 m$^2$ viðbótarrými í kjallara undir suðurenda byggingar á reitnum. Samtals 960 m$^2$.
Bygging á reitnum skal vera á einni hæð, með hámarks byggingarhæð 7,5 m yfir gólfkóta jarðhæðar.
Val á byggingarefnum, áferð og litum er óbundið.

Á byggingarreit 3 (400 m$^2$) er gert ráð fyrir íbúðarhúsi á einni eða tveimur hæðum og með 1 - 4 íbúðum. Engin skilyrði eru sett um stærð, heildarhæð, byggingarefni, liti eða áferð, umfram það sem gildandi byggingarreglugerð kveður á um.

Á byggingarreitum 4a, 4b, 4c og 4d (150 m$^2$) er gert ráð fyrir að byggja íbúðir fyrir rekstur gistiþjónustu eða starfsfólk, eitt hús á hverjum reit.
Hvert hús má vera allt að 60 m$^2$ að stærð og á einni hæð, eða einni hæð og nýtanlegu risi. Byggingarefni er timbur.
Mesta heimila byggingarhæð er 7,5 m.

Vegna bygging á byggingareitum 1 og 2 er gert ráð fyrir samtals 50 almennum bílastæðum, auk þriggja stæða fyrir ökutæki hreyfihamlaðra.

Bílastæði verða eftir þörfum við aðra byggingarreiti.

## UMHVERFISMAT DEILISKIPULAGSINS

Í umhverfismati deiliskipulagsins eru bornir saman tveir kostir, annars vegar óbreytt núverandi ástand (0-kostur) og notkun svæðisins og hins vegar framkvæmdir samkvæmt deiliskipulaginu (D-kostur). Um er að ræða huglægt mat á þeim efnisþáttum sem teljast mikilvægastir með tilliti til sjálfbærrar þróunar umhverfis og samfélags. Hverjum þætti eru gefnar einkunnir sem hér segir:

| | |
|---|---|
| ++ | Verulega jákvæð umhverfisáhrif |
| + | Frekar jákvæð umhverfisáhrif |
| 0 | Hvorki jákvæð né neikvæð umhverfisáhrif |
| - | Frekar neikvæð umhverfisáhrif |
| - - | Verulega neikvæð umhverfisáhrif |

| Veðurfar og loft | | | 0 | D | |
|---|---|---|---|---|---|
| Hnattrænt | veðurfar | gróðurh. áhrif | | | Ekki lagt mat á hnattræn áhrif |
| | ósonlag | þynning | | | |
| | loftgæði | mengun | | | |
| Staðbundið | veðurfar | loftgæði | 0 | 0 | Engin áhrif á loftgæði |
| | | vindur / skjól | 0 | + | Aukið skjól með auknum trjágróðri |
| | loftgæði | mengun | 0 | 0 | Engin áhrif á loftgæði |

| Vatn | | | 0 | D | |
|---|---|---|---|---|---|
| Yfirborðsvatn | vatnsgæði | mengun | 0 | 0 | Engin áhrif á yfirborðsvatn |
| Grunnvatn | vatnsgæði | mengun | 0 | 0 | Engin áhrif |
| | flæði | sveiflur | 0 | 0 | Engin áhrif |

| Land | | | 0 | D | |
|---|---|---|---|---|---|
| Jarðvegur | mengun /rof | | 0 | 0 | Engin áhrif. Rofhætta er ekki til staðar í hvorugu tilfellinu |
| Landslag | svipmót | | 0 | 0 | Lítið byggingarmagn miðað við stærð svæðis í heild |

| Vstkerfi | | | 0 | D | |
|---|---|---|---|---|---|
| Gróður / skógur | fjölbreytni | tegundir | 0 | + | Landið er beitarfriðað. Gróður mun verða fjölbreyttari með tímanum |
| Dýralíf | fjölbreytni | tegundir | 0 | - | Dýralíf mun trúlega minnka |

| Heilsa og öryggi | | | 0 | D | |
|---|---|---|---|---|---|
| Heilsufar | sjúkdómar | | | | Á ekki við |
| Óþægindi | hávaði | | 0 | 0 | Engin áhrif |
| | lykt / ljós | | 0 | 0 | Engin áhrif |
| | titringur | | | | Á ekki við |
| Náttúruvá | flóð | | | | Á ekki við |
| | jarðskjálftar | | | | Á ekki við |
| | ofviðri | | | | Á ekki við |
| Öryggi | umferð | | 0 | - | Nær engin áhrif, en aukin umferð getur kallað á aukna slysahættu |
| | afbrot | | | | Á ekki við |

| Hagrænir / félagsl. þættir | | | 0 | D | |
|---|---|---|---|---|---|
| Íbúar | þróun | | 0 | + | Uppbygging gæti haft jákvæð áhrif á íbúaþróun |
| | samsetning | | 0 | 0 | Á ekki við |
| Þjónusta | verslun | | 0 | + | Uppbygging getur aukið veltu í verslunum á Egilsstöðum |
| | önnur þjónusta | | 0 | + | Uppbygging kallar á vöxt í þjónustugreinum |
| Byggð og verðmæti | íbúðir | | 0 | 0 | Óviss áhrif |
| | atvinnu-húsnæði | | 0 | 0 | Óviss áhrif |
| | götur og veitur | | 0 | 0 | Engin áhrif |
| Byggðamynstur | þéttleiki / skipulag | | | | Á ekki við |

| Minjar | | | 0 | D | |
|---|---|---|---|---|---|
| Náttúruminjar | | | 0 | + | Aðgengi að Höfðaá og Höfðaárfossi mun batna |
| Menningarminjar | | | 0 | 0 | Finnist menningarminjar á svæðinu mun það auka verðgildi þess og stuðla að verndun |

| Landslag | | | 0 | D | |
|---|---|---|---|---|---|
| Náttúrulandslag | Heildir / víðerni | | | | Á ekki við |
| | ósnortið / breytt | | 0 | 0 | Svæðið allt ber vitni um nýtingu fyrri tíma og er þannig séð ekki ósnortið |
| | sérstaða | | 0 | 0 | Óveruleg sérstaða |
| Menningarlandsl. | sögulegt gildi | | 0 | 0 | Lítið sögulegt gildi |

## Breytingar frá áður auglýstri tillögu:

15.03.2021.
Byggingarreitur 2 stækkaður og tengdur byggingarreit 1, þannig að kostur verði á að byggingar á reitunum geti tengst með sérstakri tengibyggingu.
Gistieiningum á reit 2 fjölgað úr 18 í 20.
Heildar byggingarmagn á reit 2 aukið úr 480 m$^2$ í 960 m$^2$. Þar af 200 m$^2$ í kjallara undir suðurenda, ætluðum sem þjónusturými.

Stærð bílastæða við reiti 1 og 2 aukin og stæðum fjölgað í samtals 53 stæði.

Bætt við byggingarreit 1a, fyrir aðstöðuhús við heita potta.

Skilmálum fyrir byggingarreit 3 breytt, þannig að þar megi byggja íbúðarhús með allt að 4 íbúðum í stað einnar.

Skilmálum fyrir reiti 4a, 4b, 4c og 4d breytt þannig að nýta megi hús á reitunum fyrir gistiþjónustu eða sem starfsmannaíbúðir.

21.10.2021
Mati vegna menningarminja breytt úr jákvæðu í hlutlaust

Múlaþing

## AFGREIÐSLA DEILISKIPULAGTILLÖGUNNAR

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings og heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkja að auglýsa skipulagstillögu þessa að nýju.

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá og með

____________________ til og með ____________________
í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123 / 2010

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti deiliskipulagstillögu þessa

þann ____________________2021

____________________
skipulagsfulltrúi Múlaþings

Deiliskipulag þetta tók gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda
nr. ________ / __________

STRYMPA SKIPULAGSRÁÐGJÖF
ÞÓRHALLUR PÁLSSON ARKITEKT FAÍ
EIÐAVÖLLUM 2 - 701 EGILSSTAÐIR
Sími 863 3682 / strympa@strympa.is
Kt. 160152-3899 / Vsk. 85634

# ÁLFAÁS
Völlum, Múlaþingi

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR
SVÆÐI FYRIR VEITINGA- OG GISTIÞJÓNUSTU

| | |
|---|---|
| verkkaupi | 1001 NÓTT ehf |
| hannað/teiknað | ÞP |
| yfirfarið/samþykkt | ÞP |
| mkv | 1:2000 / 1:1000 (A1) |
| dags | 16.03.2021 |

16-024 1624-03

verknr teikning breyt